

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nú styttist í síðasta prófdaginn og einungis nokkrir dagar eftir af skólaárinu, skólaferðalag hjá eldri nemendum og vorþema hjá þeim yngri.

Starfið framundan:

Vinnustöðvun

Ef ekki semst í kjaradeilu kennara í FG og sambands sveitarfélaga fyrir morgundaginn kemur til vinnustöðvunar fimmtudag 15. maí. Ef það fer svo verða þau próf sem undirbúin eru þann dag færð yfir á föstudag en þau próf sem eru á próftöflu fyrir föstudag falla niður. Með þessu móti eru örugglega undirbúin próf á föstudeginum (enda vinna kennarar ekki fimmtudaginn) Ef svo illa fer að ekki verði samið fyrir miðvikudag 21. fellur niður sá skóladagur en það er síðasti kennsludagur í skólanum. Sú vinnustöðvun hefur ekki áhrif á nemendur sem eru í skólaferðalagi.

Skólaferðalag.

Nemendur 8.-10. bekkjar leggja af stað í skólaferðalag á sunnudag og er ferðinni heitið á suðurlandið. Fararstjórar í ferðinni verða Emma Sif Björnsdóttir og Lína Dögg Halldórsdóttir. Haldin var fundur í dag með nemendum, þar sem þeir fengu upplýsingar um ferðina.

Vorþema.

Meðan eldri krakkarnir eru í skólaferðalagi verða nemendur 1.-7. bekkur í þemavinnu í skólanum. Krakkarnir mæta í skólann á hefðbundnum tíma kl. 8:40 frá mánudegi til fimmtudags en við ætlum að hætta kl. 14:00 á mánudegi og þriðjudegi en kl.15:20 á miðvikudeginum. Við viljum benda á að allir þurfa að vera búnir undir útivist og sérstaklega nauðsynlegt er að vera vel skóaður. Eins og í fyrra munu þeir nemendur sem hefja nám í 1. bekk í haust taka þátt í verkefninu með okkur.

Skil á bókum og munum:

Við viljum enn og aftur minna nemendur á að skila inn munum sem þeir hafa unnið í hannyrðum, smíðum og myndmennt ef þeir hafa tekið þá með heim og merkja vel. Þeir sem fara í skólaferðalag og hafa enn ekki skilað er bent á að koma með hlutina áður en lagt er af stað, á morgun eða hinn daginn, eða biðja foreldra að sjá um það. Einnig er mikilvægt að skila öllum námsbókum sem skólinn á og öllum bókasafnsbókum.

Kaffisala á skólaslitum.

Nemendafélagið verður með kaffisölu á skólaslitunum. Nemendur 8.-10. bekkjar þurfa að leggja til eitthvað tvennt með kaffinu (hvert heimili). Einnig verður leitað til foreldra 8. og 9. bekkinga með aðstoð í eldhúsi vegna kaffisölnunnar. Allur ágóði rennur í ferðasjóð.

Skólaslit.

Skólaslit verða föstudaginn 23. maí kl. 20:00 í Félagsheimilinu Höfðaborg. Að athöfn lokinni verður sýning á vinnu nemenda.

Þetta er væntanlega síðasta síðasta fréttabréf vetrarins. Starfsfólk skólans þakkar öllum nemendum og foreldrum kærlega fyrir góðan vetur og hlakkar til að hitta ykkur aftur í haust.